




STARFSSKÝRSLA 2009 TIL 2010



**STARFSSKÝRSLA
2009–2010**



Umsjón: Hrafn Magnússon

Prentvinnsla: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Hönnun: Hvíta húsið

Kápumynd: Gos og sumarhús

Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson bls. 4, Hreinn Magnússon bls. 11 og aðrar myndir Jóhannes Long

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	6
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	9
Skýrsla um nýskipan almannatrygginga	10
Stofnun Framtakssjóðs Íslands	11
Viðræður um verklegar framkvæmdir	12
Samkomulag vegna greiðsluferfiðleika	13
Viðhorfskönnun meðal öryrkja	14
Lífeyrissjóðir draga lærdóm af hruninu	14
Erlent samstarf	15
Umsagnir	16
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	20

Ársreikningur 2009

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	23
Áritun óháðs endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur ársins 2009	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit árið 2009	28
Skýringar	29

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Það var fyrir séð að bankahrundi haustið 2008 og afleiðingar þess myndu setja mikinn svip á afkomu lífeyrissjóðanna á árinu 2009. Við mat á eignum lífeyrissjóðanna í árslok 2008 var tekið tillit til fyrir sjáanlegra afleiðinga banka- og efnahagshrunsins á stöðu sjóðanna, en þegar upp var staðið í árslok 2009 var ljóst að eignarýrnunin og afskriftarþörfin reyndist

reynst enn meiri en þar var gert ráð fyrir. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa alvarlega ástands, samhliða gengislækkun krónunnar, var stóraukin verðbólga, margföldun atvinnuleysis og mikil skuldaaukning hjá fólki og fyrirtækjum.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að vegið meðaltal nafnávöxtunar lífeyrissjóðanna hafi verið um 9,0% á árinu 2009, en verðbólga á sama tímabili var 8,6%. Að meðaltali er þetta því 0,4% raunávöxtun á árinu 2009. Árið 2008 þegar viðskiptabankarnir féllu var neikvæð raunávöxtun lífeyrissjóða um 21,8%. eru þetta því mikil umskipti til hins betra, en þrátt fyrir það eru áhrif bankahrunsins og afleiðingar þess enn að koma fram í apríl á þessu ári.

Helstu hlutabréfavisítölur í Bandaríkjunum hækkuðu mikið á líðnu ári eftir miklu dýfu árið 2008. Bandaríska S&P500 hlutabréfavistalan hækkaði um rúm 23% í dollurum og heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um 27% mælt í dollurum. Áhrifin af þessum hækkunum skila sér enn betur hér á landi vegna 7,1% lækkunar á gengi íslensku krónunnar.



Þrátt fyrir eignarýrnun lífeyrissjóðanna af völdum gjaldþrota og nauðasamninga vegna skuldabréfa þá áætla Seðlabanki Íslands að heildareignir lífeyrissjóðanna hafi aukist um 195 milljarða á árinu 2009. Heildareignir lífeyrissjóðanna í lok síðasta árs eru áætlaðar 1.786 milljarðar en

voru 1.591 milljarðar í árslok 2008. Þessar tölur gefa ekki alveg rétta mynd af ávöxtun sjóðanna þar sem iðgjaldatekjur eru mun hærri en lífeyrisgreiðslur og útgreiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Stærsti hluti eigna sjóðanna skilaði góðri ávöxtun í fyrra hvort það eru ríkiskuldaþréf, sjóðfélagalán eða erlend verðþréf.

Til þess að lífeyrissjóðir geti staðið undir lífeyrisskuldbindingum sínum þarf árleg langtímaávöxtun þeirra að nema 3,5% umfram verðbólgu. Afkoma síðustu þriggja ára er langt undir þeirri viðmiðun og munar þar mest um mjög neikvæða afkomu árið 2008. Hafa þessi áföll leitt til þess að margir lífeyrissjóðir hafa neyðst til þess að lækka lífeyrissréttindi og skerða lífeyrisgreiðslur. Hafa verður í huga að þessir sömu sjóðir höfðu aukið réttindi sjóðfélaga umfram hækkun vísitölu þegar ávöxtun var hvað hæst 2003 til 2006. Einnig ber að áréttu að frá því í september 2008 hefur vísitala fyrir lífeyrisgreiðslur sjóðanna hækkað um 15%.

Fjármálakreppan og gjaldreyrshöft hafa óhjákvæmilega leitt til mikilla breytinga á fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í bankainnistæðum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánum. Heildareignir sjóðanna í innlendum hlutabréfum voru komin niður í tæp 3% af heildareignum í árslok 2009. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna umreiknaðar í íslenskar krónur voru 12% hærri í árslok 2009 en í ársbyrjun, þrátt fyrir að gjaldreyrshöft hafi komið í veg fyrir erlendar fjárfestingar sjóðanna allt frá bankahrununni í október 2008.

Starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóðanna hefur verið öflug allt frá stofnun þeirra fyrir rúmum áratug, en áður höfðu verið starfandi tvö hagsmunasamtök lífeyrissjóða. Bankahrunið gjörbreytti starfsemi samtakanna á nær öllum sviðum. Gríðarleg vinna hefur farið fram á vettvangi LL að gæta sameiginlegra hagsmuna sjóðanna í því umróti sem fylgdi falli bankanna og afleiðinga þess sem fylgdu í kjölfarið og ekki sér fyrir endann á. Þessi vinna hefur hvílt á fjölmörgum aðilum. Til þess að fylgja eftir málum hefur



verið leitað til lögfræðinga og annarra sérfræðinga innan og utan lífeyrissjóðanna. Samhliða þessu eru starfandi málefna- og starfshópar sem fjalla um afmörkuð verkefni tengdum margvíslegum hagsmunum sjóðanna.

Framan af tók eitt mál öðrum fremur mikinn tíma í samskiptum LL og lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, Fjármálaeftirlitið og skilanefndir gömlu bankana. Flestir lífeyrissjóðirnir höfðu um árabíl verið með gjaldmiðlavarnarsamninga, en við fall viðskiptabankanna voru þessir samningar komnir í neikvæða stöðu vegna gengisfalls krónunnar.

Lífeyrissjóðirnir lögðu fram sáttaboð í ársbyrjun 2009 sem gerði ráð fyrir skuldajöfnun vegna skuldabréfa og greiðslu mismunar sem miðaði við opinbera gengisvísitölu við fall bankanna. Lífeyrissjóðirnir lýstu engu að síður ýrustu kröfum á gömlu viðskiptabankanna í lok síðasta árs vegna gjaldmiðlasamninganna á grundvelli markaðsbrests sem leiddi til mikillar lækkunar gengi krónunnar í aðdraganda bankahrunsins.

Hlé var gert á viðræðum við skilanefndir gömlu bankanna þegar styttast fór í að Rannsóknanefnd Alþingis skilaði skýrslu sinni. Frá því skýrslan var lögð fram í apríl sl. hafa sérfræðingar á vegum sjóðanna verið að kanna hvort þær upplýsingar sem þar koma fram muni hafa áhrif á framhald málsins við skilanefndir bankanna. Líkur á því að þessi og fleiri mál tengdum gömlu bönkunum fari fyrir dómstóla hafa ekki minnkað við skýrslu Rannsóknanefndar Alþingis.

Af öðrum stórum málum sem LL hefur komið að á starfsárinu eru undirbúningur og stofnun fjárfestingasjóðs lífeyrissjóðanna. Málið hafði verið í undirbúningi með hléum allt frá desember 2008. Eftir mikla kynningu meðal lífeyrissjóða var Framtakssjóður Íslands slhf. stofnaður 8. desember s.l. með 30 milljarða kr. í hlutfjárloforðum frá 16 lífeyrissjóðum. Sjóðurinn hefur tekið til starfa og mun starfsemi hans geta skipt miklu við endurreisn íslensks atvinnulífs á næstu árum.

Í aðdraganda Stöðugleikasáttmála ríkisins, sveitar-



félaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði í lok júní 2009 var komið á fót sérstökum aðgerðahópi lífeyrissjóða. Veigamikill liður með sáttmálanum var að koma hjólum atvinnulífsins af stað og var leitað til lífeyrissjóðanna um fjármögnun opinberra framkvæmda. Fulltrúar hópsins hafa tekið þátt í viðræðum við fulltrúa stjórnvalda og ríkisfyrirtækja um fjármögnun sjálfbærra framkvæmda í samgöngumálum og byggingu samgöngumiðstöðvar. Þá tóku fulltrúar hópsins þátt í viðræðum um byggingu nýs Landspítala. Viljayfirlýsing stjórnvalda og tuttugu lífeyrissjóða var undirrituð þann 4. nóvember 2009. Hvort lífeyrissjóðir komi að fjármögnun þess í heild eða að hluta kemur ekki í ljós fyrr en að loknu útboði á verkinu í heild.

Heildareignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu eru meðal þeirra hæstu í heimi þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins og erfiðleikanna sem hafa fylgt í kjölfarið. Áætlað er hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 119% af vergrí landsframleiðslu í árslok 2009, en var 109% í árslok 2008, en hafði komist hæst í 130% árið 2007.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða skipaði sérstaka nefnd í maí 2009 til að fjalla um hvað lífeyrissjóðirnir gætu lært af þeim fjárhagslegu áföllum sem dunið hafa yfir íslensk þjóðfélag allt frá bankahruninu. Nefndin kynnti skýrslu sína á fundi með yfir 80 fulltrúum lífeyrissjóðanna í byrjun apríl s.l. Í tillögum nefndarinnar er að finna margvíslegar tillögur til úrbóta. Ákveðið var í kjölfarið að fylgja tillögnum fast eftir á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða.

Þá stóðu Landssamtök lífeyrissjóða fyrir fjölmörgum fundum á starfsárinu um margvísleg málefni er varða starfsemi sjóðanna, t.d. samkomulag vegna greiðsluferfiðleika vegna skuldavanda heimila og breytingar á lögum og reglum um starfsemi lífeyrissjóða.

Arnar Sigurmundsson



AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 14. maí 2009. Kári Arnór Kárason stjórnaði fundi en fundarritari var Guðmundur Baldvin Guðmundsson.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands, flutti erindi sem nefndist „Lífeyrissjóðir á krossgötum.“ Í erindi Ólafs var rakin sú þróun sem orðið hefur á lífeyrissjóðakerfinu á þeim 40 árum sem liðin eru frá því lífeyrissjóðir á hinum almenna vinnumarkaði voru settir á laggirnar. Hann rakti þann mikla jákvæða viðsnúning sem varð á fjárhag sjóðanna með verðtryggingunni samfara fjölbreyttari fjárfestingarkostum og góðum rekstri sjóðanna. Fram kom í máli hans að sjóðirnir glíma nú við afleiðingar hrunsins á Íslandi og hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Þeir standi því á tímamótum og þurfi að horfast í augu við verulega breyttan veruleika og sá hann fyrir sér frekari sameiningar sjóða á komandi árum.

Úthlutað var rannsóknarstyrk Landssamtaka lífeyrissjóða. Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar, afhenti Guðmundi Sigurðssyni, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, 1.200.000 kr styrk sem hann fékk úthlutað vegna rannsóknar sem mun beinast að því að bera saman mat lífeyrissjóða á orkutapi annars vegar og mati á örorku samkvæmt skaðabótalögum hins vegar.

Arnar Sigurmundsson, formaður LL, flutti skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.

Fram kom í skýrslu Arnars að árið 2008 hefði verið eitt erfiðasta ár í starfsemi íslenskra lífeyrissjóða frá upphafi. Hrun þriggja stóru viðskiptabankanna í október 2008 og afleiðingar þess á starfsemi fjölmargra fyrirtækja komi sífellt betur í ljós. Það líði varla sá dagur að fyrirtæki séu ekki yfirtekin af lánastofnunum eða fari í prot. Sama breyting hafi orðið hjá öllum meginþorra fólks, með falli á gengi krónunnar, stóraukinni verðbólgu, margföldun atvinnuleysis og mikilli hækkun skulda.

Aðdragandinn að bankahruninu var ekki langur. Nokkrar óveðursblikur höfðu verið á lofti á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum um nokkurt skeið og mátti sjá afleiðingar þeirra í slakri ávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2007. Á sama hátt var ljóst fram eftir árinu 2008 að afkoma lífeyrissjóðanna yrði áfram slök, þar sem innlend og erlend hlutabréf í eigu sjóðanna héldu áfram að lækka. Gengi krónunnar hafði lækkað umtalsvert í mars 2008, en steininn hafi tekið úr í aðdraganda bankahrunsins og þegar viðskiptabankarnir þrír voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu í byrjun október 2008.

Arnar áréttaði að bein tengsl væru á milli falls viðskiptabankanna og hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Engu að síður hafi afleiðingarnar orðið mun alvarlegri fyrir okkar fámenna þjóðfélag, en meðal milljónaþjóða sem nú glíma við vandann. Fylgífiskur þessa alvarlega ástands er

stóraukin verðbólga, margföldun atvinnuleysis og mikil skuldaaukning hjá fólki og fyrirtækjum.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun lífeyrissjóðanna hafi verið neikvæð um 21,5% að meðaltali á árinu 2008, en verðbólga á sama tímabili var 16,4%. eru þetta gríðarleg umskipti frá síðustu árum.

Niðurstaða síðasta árs hafi í för með sér að nokkrir lífeyrissjóðir þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga og lífeyrsgreiðslur. Í flestum tilvikum höfðu þessir sömu sjóðir hækkað réttindi og lífeyrsgreiðslur til sjóðfélaga umfram þróun verðbólgu sem nemur þessari skerðingu. Það vilji gleymast í umræðu um væntanlegar skerðingar að áunnin réttindi og greiðslur til sjóðfélaga breytast mánaðarlega takt við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Bein afleiðing af hruni á innlendum fjármálamarkaði síðasta haust og áhrifin sem því fylgdi í kjölfarið var að úrvalsvísitala Kauphallarinnar féll um 94,5%. Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum lækkuðu mikið á liðnu ári. Bandaríska S&P500 hlutabréfavísitalan lækkaði um rúm 38% í dollurum og Heimsvísitala Morgan Stanley lækkaði um 41%, en hún er helsti mælikvarði á breytingar á hlutabréfamörkuðum í heiminum. Áhrifin af þessum lækkunum koma ekki fram með sama hætti hér á landi vegna 45% lækkunar á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á síðasta ári.

Fjármálakreppan hefur leitt til mikilla breytinga á fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í bankainnviðum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánunum. Aftur á móti hafa heildareignir sjóðanna í innlendum hlutabréfum rýrnað um 90%, að mestum hluta vegna falls bankanna. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna umreiknað í íslenskar krónur voru aftur á móti mjög svipaðar í ársbyrjun og árslok 2008.

Eitt mál öðrum fremur hafi tekið mikinn tíma í samskiptum LL og lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, Fjármálaeftirlitið og skilaneindir gömlu bankana. Flestir lífeyrissjóðirnir höfðu um nokkurt árabíl verið með gjaldmiðlavarnarsamninga við bankana. Þessir samningar hafa þann tilgang að draga úr sveiflum á erlendum eignum sjóðanna. Þegar bankarnir fóru á hliðina voru þessir samningar hjá um 15 lífeyrissjóðum komnir í neikvæða stöðu samtals að fjárhæð tæplega 70 milljörðum króna vegna falls krónunnar í aðdraganda bankahrunsins. Þegar bönkunum var skipt upp í lok október 2008 voru þessir samningar ásamt fjölmörgum öðrum eignum og skuldum þeirra skildir eftir í gömlu bönkunum.

Gömlu bankarnir höfðu ekki burði til þess að þjónusta þessa samninga á síðustu starfsdögum sínum, hvað þá eftir að þeir voru komnir á hliðina. Viðræður hafa staðið um úrlausn þessara mála með hléum allt frá miðjum október á síðasta ári, en án þess að tekist hafi að finna ásættanlega

lausn. Ekki væri fyrir séð hvort þessi mál endi fyrir dómstólum. Lífeyrissjóðirnir lögðu fram sáttaboð í lok síðasta árs sem gerði ráð fyrir skuldajöfnun vegna skuldabréfa og greiðslu mismunar sem miðar við stöðu neikvæðra samninga og opinberrar gengisvísitölu sem var 175 við fall bankanna Skuldajöfnum nýtist ekki vel þar sem í sumum tilvikum fer ekki saman að sjóðir séu með gjaldmiðlasamninga og skuldabréf í sama bankanum. Engu að síður skipti skuldajöfnum miklu.

Af öðrum málum sem LL hefur komið að eru viðræður við fulltrúa Tryggingastofnunar um að draga úr gagnkvæmum skerðingum bóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóðanna. Þessar viðræður voru komnar vel á veg í september 2008, en vegna gjörbreyttra aðstæðna í fjármálum hins opinbera hefur reynst nauðsynlegt að nálgast málið með öðrum hætti.

Ein af afleiðingum efnahagskreppunnar og aukins atvinnuleysis er fjölgun öryrkja. Með stofnun og starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er þess vænst að hægt verði að draga úr fjölgun öryrkja með markvissari úrræðum í endurhæfingarmálum í samvinnu við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins.

Heildareignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu eru meðal þeirra hæstu í heimi þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins og gríðarlegri erfiðleika sem hafa fylgt í kjölfarið. Nú er áætlað er hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 112% af vergri landsframleiðslu í árslok 2008 og hafi fallið úr 130% af sömu viðmiðum árið áður.

Landsamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir fjölmörgum fundum á starfsárinu, en mesti þunginn í fundarhöldum hefur tengst hruni viðskiptabankanna, gjaldmiðlavarnarsamningum, breytingu á lögum um starfsemi lífeyrissjóða, tímabundna útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar og fjárfestingatækifærum lífeyrissjóða við gjörbreyttar og þrengri aðstæður á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

Umræðan í þjóðfélaginu við þessar gjörbreyttu aðstæður í þjóðfélaginu hefur ekki alltaf verið auðveld fyrir lífeyrissjóðina. Allt þjóðfélagið varð fyrir gríðarlegu höggi þegar tæplega 90% fjármálakerfisins hrundi á nokkrum sólarhringum fyrir rúmlega sjö mánuðum.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa fyrir hönd aðildarsjóða sinna gerst aðilar að samkomulagi um úrræði vegna greiðsluerfiðleika og ennfremur að samkomulagi vegna greiðslujöfnunar á fasteignaveðlánnum.


Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða ákvað í marsmánuði á þessu ári að skipa vinnuhóp til að fjalla um samskipta- og siðareglur lífeyrissjóða. Vinnuhópurinn hefur nú samið tillögur að slíkum reglum sem lífeyrissjóðir gætu haft til hliðsjónar er þeir ákveða skipan eigin mála. Vinnuhópurinn kaus að hafa reglurnar stuttar og afmarkaðar við tiltekið

svið í starfsemi sjóðanna, en lét stjórnnum sjóðanna eftir að auka við þær eða breyta ef þurfa þykir. Þess er að vænta að þessar reglur geti komið að góðum notum og orðið lífeyrissjóðunum eins konar vegvísir að bættum samskipta- og siðareglum.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, gerði grein fyrir ársreikningi samtakanna fyrir árið 2008 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og vara- stjórn. Eftirtaldir voru kjörnir sem aðalmenn til tveggja ára í stjórn: Gunnar Baldvinsson, Haukur Hafsteinsson, Helgi Magnússon og Konráð Alfreðsson. Varamenn til eins árs voru kosnir þau Arnaldur Loftsson, Björn Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Jón G. Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson, Sigrún Helga Einarsdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Stefán Halldórsson.

Tekin var ákvörðun um þóknun aðalmanna og varanna í stjórn og um árgjald til samtakanna. Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2009 var fundið slitið.




Fé í skjóli

HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

HLUTVERK SAMTAKANNA ER:

- Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samtökunum.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þess og tilgangi.

Eignir lífeyrissjóðanna 2008 til 2010 (febrúar)



STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Arnar Sigurmundsson, *formaður*
 Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*
 Friðbert Traustason
 Guðrún Guðmannsdóttir
 Gunnar Baldvinsson
 Helgi Magnússon
 Konráð Alfreðsson
 Þorbjörn Guðmundsson og

Vararstjórnin er þannig skipuð: Arnaldur Loftsson, Björn Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Jón G. Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson, Sigrún Helga Einarsdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Stefán Halldórsson.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 11 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykka samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Fræðsluvefur LL er með vefslóðina <http://www.gottadvita.is>.

Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Frá vinstri efri röð: Þorbjörn Guðmundsson, Konráð Alfreðsson, Helgi Magnússon, Friðbert Traustason og Gunnar Baldvinsson.
 Neðri röð frá vinstri: Hrafn Magnússon, Arnar Sigurmundsson, Haukur Hafsteinsson.
 Á myndina vantar Guðrúnu Guðmannsdóttur.

SKÝRSLA UM NÝSKIPAN ALMANNATRYGGINGA

Verkefnisstjórn um endurskoðun almannatrygginga lauk í október á síðasta ári við gerð skýrslu um nýskipan almannatrygginga. Gerðar voru tillögur til skemmri tíma sem margar komu til framkvæmda á árinu 2008 en í loka-skýrslunni eru hins vegar útlistaðar tillögur um heildstæða framtíðaruppbyggingu lífeyriskerfisins.

Meginatriði stefnunnar er að einfalda almannatryggingakerfið mikið, með fækkun lífeyrisflokka og uppþóta. Þannig er lagt til að einn meginflokkur lífeyris með samræmdar reglur komi í stað þriggja (grunnlífeyris, tekju-tryggingar og heimilisuppþotar) sem nú eru með ólíkar reglur og viðmið.

Skýrslan var að stórum hluta unnin áður en upphæðum einstaka lífeyrisþátta almannatrygginga var breytt 1. júlí 2009 með sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna fjármálakreppunnar. Þær breytingar rákust hins vegar ekki á þær meginlínur sem verkefnisstjórnin lagði til í skýrslu sinni. Meginatriði tillagnanna er sú stefna sem mörkuð er til lengri tíma og tillögur um einföldun kerfisins sem mælt er með að verði innleiddar sem fyrst með ritun nýrra almannatryggingalaga.

Lögð er áhersla á að áfram verði haldið með endurgerð almannatryggingakerfisins þrátt fyrir tímabundnar efnahagsþrengingar, enda þurfi einföldun almannatrygginga ekki að kosta aukin útgjöld, heldur geti hún leitt til sparnaðar og betri þjónustu með bættri skilvirkni. Þá sé hægt að ná fram hækkun frítekjumarka með tilfærslum innan kerfisins. Úrbætur á sviði örorku- og endurhæfingarmála séu líklegar til að skila miklum langtímasparnaði og fyrirbyggja djúpstæðari og erfiðari afleiðingar kreppunnar á hag þjóðarinnar til lengri tíma.

Ef nauðsynlegt reynist að skera niður útgjöld á sviði velferðarmála vegna fjármálakreppunnar, var talið mikilvægt af hálfu nefndarinnar að val leiða rækist ekki á framtíðarstefnuna í uppbyggingu kerfisins.

Að skýrslunni standa Stefán Ólafsson, formaður verkefnisstjórnarinnar og prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Ágúst Þór Sigurðsson, skrifstofustjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL og Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.



Lúpína í Fannahlíð

STOFNUN FRAMTAKSSJÓÐS ÍSLANDS

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur eitt af meginverkefnum Landssamtaka lífeyrissjóða verið að undirbúa stofnun Framtakssjóðs Íslands, sem hefði það að markmiði að ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll.

Á fjölmennum fundi fulltrúa lífeyrissjóða í Reykjavík í byrjun september 2009 var samþykkt að boða til stofnfundar Framtakssjóðs Íslands, ef hljómgrunnur reyndist vera fyrir hugmyndinni innan sjóðanna sjálfra. Á fundinum var gerð grein fyrir hlutverki, tilgangi og starfsemi framtakssjóðsins og drögum að skilmálum hans. Markmiðið með starfsemi Framtakssjóðs Íslands væri að ná vænlegri arðsemi á fjárframlög hluthafa, þ.e. lífeyrissjóðanna.

Það var svo þann 8. desember s.l. að fulltrúar sextán lífeyrissjóða stofnuðu formlega Framtakssjóð Íslands. Stofnendur hafa skuldbundið sig til að leggja nýja fjárfestingarsjóðnum til um 30 milljarða króna í hlutafé. Enn er þó opið fyrir skráningu hlutafjár í sjóðnum.

Markmiðið er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun til fjárfesta. Framtakssjóðurn mun ekki taka þátt í fjárfestingum sem orka tvímælis út frá almennum siðareglum. Þá mun sjóðurinn viðhafa góða stjórnunarhætti og sýna samfélagslega ábyrgð og ábyrgð í umhverfismálum í starfi sínu.

Á stofnfundinum var kjörin sjö manna stjórn Framtakssjóðs Íslands. Hana skipa Ágúst Einarsson, rektor

Háskólans á Bifröst, sem er formaður stjórnar og varaformaður stjórnar er Ragnar Öndarson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Aðrir í stjórn eru Baldur Þór Vilhjálmsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Vilborg Lofts, rekstrarstjóri heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri fjármála- og þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fyrrverandi alþingismaður og Auður Finnbogadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Stjórnin hefur nú samþykkt fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn að fenginni umsögn sérstaks tólf manna ráðgjafarráðs sem skipað hefur verið samkvæmt tilnefningum hluthafa.

Gert er ráð fyrir nýfjárfestingum á vegum sjóðsins á næstu þremur árum og að sjóðurinn verði starfræktur í alls sjö ár. Heimild er samt fyrir því að framlengja rekstartímann í tvígang, í eitt ár í senn.

Í janúar s.l. réði stjórnin Finnboga Jónsson sem framkvæmdastjóra sjóðsins Finnbogi hefur mikla reynslu í íslensku atvinnulífi. Finnbogi starfaði í iðnaðarráðuneytinu, var framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar, var lengi forstjóri Síldarvinnslunnar á Neskaupsstað og var starfandi stjórnarformaður Samherja um árabíl. Finnbogi var jafnframt framkvæmdastjóri SR-Mjöls og síðustu ár hefur hann verið framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Finnbogi hefur jafnframt setið í stjórn um fjölmargra fyrirtækja og gegnt fjölda trúnaðarstarfa í atvinnulífinu.



Stjórn Framtakssjóðs Íslands á fyrsta fundi sínum: Þorkell Sigurlaugsson, Baldur Þór Vilhjálmsson, Vilborg Lofts, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Ágúst Einarsson, formaður, Ragnar Öndarson, varaformaður og Auður Finnbogadóttir.

VIÐRÆÐUR UM VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR

Í tengslum við Stöðugleikasáttmála í lok júní 2009 skipaði ríkisstjórnin sérstaka viðræðunefnd til að ræða við fulltrúa lífeyrissjóða um fjármögnun ýmissa framkvæmda sem eru eða kunna að vera framundan á næstu árum. Landssamtök lífeyrissjóða hafa jafnframt skipað níu manna aðgerðahóp sem tekur þátt í viðræðunum.

Af hálfu stjórnvalda hafa eftirtaldir aðilar verið skipaðir í viðræðunefndina: Álfheiður Ingadóttir, ráðherra, skipuð án tilnefningar, Ingimar Jóhannsson, skrifstofustjóri, skv. tilnefningu sjávar- og landbúnaðarráðherra, Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, skv. tilnefningu iðnaðarráðherra, Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, skv. tilnefningu samgönguráðherra, Skúli Helgason, alþingismaður skv. tilnefningu forsætisráðherra, og Vilborg Hauksdóttir, sviðsstjóri, skv. tilnefningu heilbrigðisráðherra. Formaður nefndarinnar er Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

Aðgerðarhópur lífeyrissjóðanna er þannig skipaður: Arnar Sigurmundsson, formaður LL, sem jafnframt er formaður hópsins, Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, Eiríkur Jónsson, stjórnarformaður í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Guðmundur Þórhalls-son, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Helgi Magnússon, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs og Þorbjörn Guðmundsson, varaformaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Í ávarpsorðum Arnars Sigurmundssonar, stjórnarformanns LL, í starfsskýrslunni er fjallað nokkuð um þau verkefni, sem rædd hafa verið við lífeyrissjóðina og varða stöðu verklegra framkvæmda á vegum hins opinbera.



Syðri-Ófæra

SAMKOMULAG VEGNA GREIÐSLUERFIÐLEIKA

Samkomulag við fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og Íbúðalánasjóð um úrræði vegna skuldavanda einstaklinga og heimila og framkvæmd þeirra var undirritað í lok október á síðasta ári. Landssamtök lífeyrissjóða undirritaði samkomulagið með fyrirvara um samþykki einstakra lífeyrissjóða.

Samkvæmt samkomulaginu geta einstaklingar sem vilja lækka greiðslubyrði af fasteignaveðlánnum, bílalánnum og bílasamningum sótt um greiðslujöfnun þessara lána og samninga þannig að greiðslubyrðin lækki. Einnig var undirritaður samkomulag um sértæka skuldaaðlögun sem er úrræði fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem eiga í það miklum greiðsluerfiðleikum að almenn úrræði nægja ekki til lausnar vandans.

Greiðslujöfnun verður sjálfkrafa á öll verðtryggð fasteignaveðlán sem eru í skilum. Þeir sem ekki kæra sig um greiðslujöfnun þessara lána þurfa að tilkynna það til lánveitanda. Þótt fólk afþakki greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignaveðlana hefur fólk ekki fyrirgert rétti sínum til greiðslujöfnunar, heldur getur sótt um hana síðar, telji fólk það henta aðstæðum sínum.

Lækkun greiðslubyrði af lánnum vegna greiðslujöfnunar er nokkuð mismunandi. Almennt verður lækkun greiðslubyrði af verðtryggðum lánnum sem tekin voru fyrir 1. janúar 2008 um 17% miðað við gjalddaga í desember á síðasta ári. Greiðslubyrðin lækkar þó minna en þetta af lánnum sem eru með breytilegum vöxtum.

Greiðslujöfnun lána felst í því að afborganir eru tengdar greiðslujöfnunarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út

mánaðarlega. Vísitalan byggist á launavísitölu sem vegin er með atvinnustigi. Höfuðstóll lánsins er eftir sem áður verðtryggður en mismunurinn sem verður til vegna lægri afborgana en ella færast á jöfnunarreikning sem veldur því að lánið lengist til að byrja með. Eftir því sem atvinnuástand batnar og laun taka að hækka á ný mun greiðslujöfnunarvísitalan hækka og þar með afborganir af lánunum. Þar með tekur lánið að stytast á ný.

Sett hefur verið þak á greiðslujöfnun fasteignaveðlana sem tryggir að lenging þeirra vegna greiðslujöfnunar verður aldrei meira en þrjú ár. Ef einhverjar eftirstöðvar eru á lánnum að þessum tíma liðnum verða þær felldar niður.

Samkomulagið um sértæka skuldaaðlögun er fyrir einstaklinga og heimili sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum þar sem fullreynt er að vægari úrræði nægja ekki til lausnar á vandanum. Skuldaaðlögun felur í sér samning milli kröfuhafa og lántaka um leið til að laga skulda- og eignastöðu lántakans að greiðslugetu hans. Lántakinn greiðir af skuldum sínum eins og greiðslugeta hans leyfir á samningstímanum en kröfuhafar fallast á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim kröfum sem eru umfram greiðslugetu. Einstaklingur sem leitar eftir skuldaaðlögun snúa sér beint til aðalviðskiptabanka síns sem leiðir skuldaaðlögunarferlið og telst því umsjónaraðili.

Þessu til viðbótar má geta þess að stjórnvöld hafa ákveðið að stofnað verði embætti umboðsmanns skuldara til að gæta hagsmuna heimila í greiðsluvanda og að sett verði ein lög um greiðsluaðlögun byggð á félagslegum grunni.



Lambavatn

VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL ÖRYRKJA

Landssamtök lífeyrissjóða ásamt örorkumatsnefnd forsetisráðuneytisins ákváðu að styrkja gerð könnunar um aðstæður, viðhorf og atvinnupátttöku öryrkja. Skýrslan kom út í marsmánuði s.l.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að atvinnupátttaka fólks með örorku eða langvarandi sjúkdóma er hvergi meiri en á Íslandi, borið saman við ríki OECD, eða rúm 61%, en er að meðaltali um 43% í OECD-ríkjunum.

Könnunin sýnir að flestir þeirra örorkulífeyrisþega sem stunda launaða vinnu eru í hlutastörfum en rúmlega þriðjungur er í fullu starfi. Um 64% öryrkja sem ekki eru í launaðri vinnu hafa áhuga á því að stunda vinnu og flestir þeirra treysta sér til að vinna hlutastörf. Um 84% öryrkja telja mjög mikilvægt að hafa möguleika á launaðri vinnu og segja höfundar skýrslunnar að þetta sýni mikinn vinnuáhuga og vinnuvilja meðal örorkulífeyrisþega á Íslandi. Örorkulífeyrisþegar segja helstu hindranir fyrir atvinnupátttöku vera takmörkuð tækifæri og takmarkaðan skilning og fordóma á vinnumarkaði (29%), tekjutengingar í lífeyriskerfinu (21%) og eigið heilsufar (15%). Einnig nefna þeir ófullnægjandi stuðning, endurhæfingu og aðgengi og

skort á eigin þori, trú og trausti til að taka þátt í atvinnulífinu.

Viðmælendur í könnuninni lögðu mikla áherslu á nytsemi starfsendurhæfingar og sögðu um 80% þeirra að mikilvægt væri að eiga kost á henni. Aðeins um 15% örorkulífeyrisþega sem könnunin tók til hafa fengið skipulagða starfsendurhæfingu en af þeim sögðu um 60% að hún hefði skilað þeim miklum árangri.

Markmið könnunarinnar var að afla nýrra upplýsinga um aðstæður öryrkja og langveikra. Spurt var um orsakir örorku, fjölskylduhagi, menntun, starfsreynslu, endurhæfingu, atvinnupátttöku og samfélagsþátttöku. Einnig voru könnuð viðhorf viðmælenda til aðgengismála, þjónustu og lífsgæða. Í úrtaki könnunarinnar sem var gerð veturinn 2008–2009 voru 1.500 örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar, og var þátttakan tæp 60%. Höfundar skýrslunnar eru Guðrún Hannesdóttir, Sigurður Thorlacius og Stefán Ólafsson.

LÍFEYRISSJÓÐIR DRAGA LÆRDÓM AF HRUNINU

Í maí 2009 skipaði stjórn LL nefnd til að fjalla um hvað lífeyrissjóðir gætu lært af þeim fjárhagslegu áföllum sem dunið hafa yfir íslenskt þjóðfélag, allt frá hruni viðskiptabankanna þriggja í byrjun október 2008. Nefndin lauk störfum í byrjun apríl s.l. með skýrslu sem ber heitið: „Lærdómur lífeyrissjóða af hruninu 2008–2009.“

Nefndin lagði til að lífeyrissjóðir eigi að gera strangari kröfur til útgefenda verðbréfa, miðlara, kauphallar og eignastýringaraðila og gæta hagsmuna sinna með virkari og fjölbreyttari hætti hér eftir en hingað til, með því meðal annars að

- herða ákvæði skilmála verðbréfa og fjármálagerninga til að verja rétt og stöðu lífeyrissjóða þegar kaup eiga sér stað.
- knýja á um tafarlausa skráningu verðbréfa og aukna upplýsingamiðlun í kauphöll um útgefendur, umfang viðskipta og eðli þeirra.
- stuðla að bættum stjórnarháttum í fyrirtækjum og að standa vörð um hagsmuni smárra hluthafa.

Fram kemur m.a. í skýrslunni að svo sé að sjá að verðmyndun hlutabréfa margra hlutafélaga hafi verið stýrt af stærstu þátttakendum með ótæpilegri notkun lánsfjár og eignarhaldsfélaga í höndum tengdra eða hliðhollra aðila. Upp-

lýsingagjöf um eignarhald og um fjármögnun stórra hluthafa var mjög ábótavant og því var þátttakendum á borð við lífeyrissjóði ókleift að átta sig á umfangi þessara eignatengsla eða hættunni á keðjuverkandi hruni.

Nefndin leggur til að við hverja skuldabréfaútgáfu verði skipaður fulltrúi kröfuhafa að erlendri fyrirmynd til að gæta hagsmuna þeirra og að í hlutafélagaskrá liggi alltaf ljóst fyrir hverjir séu stærstu hluthafar í félögum og hvernig þeir kunni að tengjast. Þá mælist nefndin til þess að lífeyrissjóðirnir láti meira til sín taka í umræðu og gagnrýni, opinberlega og á aðalfundum og hluthafafundum.

Þá leggur nefndin til að lífeyrissjóðir auki samstarf og sameiginlegt frumkvæði á vettvangi LL til að knýja á um úrbætur á öðrum sviðum fjármagnsmarkaðar og efnahagslífs og birta Alþingi, ráðuneytum, eftirlitsstofnunum og kauphöll tillögur sínar um úrbætur, sem meðal annars byggjast á árangursríkum viðskiptavenjum erlendis.


Í nefndinni áttu sæti: Stefán Halldórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga, formaður, Baldur Vilhjálmsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri hjá Almenna lífeyrissjóðnum, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs og Tryggvi Tryggvason, þáverandi forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi lífeyrissjóði. Með þeim starfaði Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL.

ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum Landssamtaka lífeyrissjóða er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. LL eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „European Federation for Retirement Provision“, skammstafað EFRP. Í dag eiga 21 þjóð aðild að samtökunum. Þar af 16 aðildarríki Evrópu-sambandsins auk 5 annarra þjóða. EFRP hefur ennfremur stofnað til samstarfs við lífeyrissjóðasambönd 9 mið- og austurevrópuríkja.

Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemi felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökubjóða. Viðfangsefni EFRP eru nú mörg nátengd fjármálakreppunni. Þar má nefna umfjöllun um áhrif kreppunnar á lífeyrissjóði almennt, reglur um fag-fjárfestasjóði og eftirlit með fjármálamörkuðum.

Í mars s.l. var kynnt skýrsla samtakanna um könnun á lífeyrissjóðum sem falla undir svokölluð „Defined Contribution schemes“. Skýrslan er ítarleg og nær til lífeyrissjóða í 21 Evrópuland. Þar kemur m.a. fram að vægi DC kerfa hefur farið vaxandi í Evrópu undanfarin ár. Nú er svo komið að um 58 milljónir manna eiga réttindi í lífeyrissjóðum sem byggja á DC og nemur eign þeirra sjóða um 1,3 trilljónum evra. Könnunin er aðgengileg á vef samtakanna, www.efrp.org.



Tunglið



UMSAGNIR

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir þeim sjónarmiðum sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Verður nú getið helstu umsagna samtakanna.

Um endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja

LL setja sig ekki upp á móti því að frumvarp þetta nái fram að ganga. Með breytingum á frumvarpinu hefur verið dregið verulega úr umfangi væntanlegs Eignaumsýslufélags ríkisins og komið til móts við þá gagnrýni sem fram kom við það.

Ljóst er að mörg ákvæði í frumvarpinu eru almennt orðuð, enda er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmdina. Mjög mikilvægt er að allur undirbúningur við gerð slíkrar reglugerðar sé vandaður, m.a. hvað varðar almenn viðmið, hvað telst þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki, svo og hvenær slík fyrirtæki teljast vera orðin rekstrarhæf og hvaða markaðsáðstæður þurfa að vera til að hægt sé að koma þeim aftur í sölu. Haft verði samráð við LL og önnur hagsmunasamtök við undirbúning slíkrar reglugerðar.

Um gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi

LL taka undir þau megin sjónarmið að hlutafélög séu með gegnsætt eignarhald og að upplýsingagjöf sé fullnægjandi. Samtökin leggja því ekki gegn samþykki frumvarpsins, en leggja hins vegar áherslu á að skoðað verði hvort ekki megi koma fram þessum megin sjónarmiði án þess að til þess þurfi að koma að stofna sérstök gegnsæ hlutafélög. Verði við þá vinnu m.a. kannað, hvernig þessum málum er fyrirkomið í okkar helstu viðskiptalöndum.

Um heimild lífeyrissjóða að eiga og reka íbúðarhúsnæði

Lífeyrissjóðum er í dag heimilt að fjárfesta með óbeinum hætti í fasteignum, þ.e.a.s. gegnum verðbréfasjóði og eignarhlut í hlutafélögum, sem hafa það megin markmið að eiga og reka fasteignir. Víða erlendis eru fjárfestingar í fasteignum nokkuð veigamikill þáttur í eignasöfnum lífeyrissjóða. Eðlilegt er að tekið verði til skoðunar, hvort auka eigi heimildir lífeyrissjóða hér á landi til fasteignakaupa og ef svo er með hvaða hætti.

Tekið er undir það sjónarmið í greinargerð frumvarpsins að fjárfesting í fasteignum sé góð langtímafjárfesting og ætti því að samrýmast vel fjárfestingastefnu sjóðanna. Í núgildandi lögum um lífeyrissjóði er í sjálfu sér ekkert sem bannar að lífeyrissjóðir kaupri hlutabréf í félögum

sem sérhæfa sig að eiga og reka íbúðarhúsnæði. LL telja vænlegra að eignast hlut í slíkum félögum frekar en að einstakir lífeyrissjóðir taki að sér útleigu og rekstur íbúðarhúsnæðis.

Um skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði

Í frumvarpinu er lagt er til að skoðað verði, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að gera kerfisbreytingu á skattlagningu lífeyrissjóðsgreiðslna. Þannig verði inngreiðslur í lífeyrissjóð skattlagðar í stað útgreiðslna eins og nú er. Þessi aðgerð er sögð geta aflað ríkissjóði allt að 40 milljarða kr. í viðbótartekjur án þess að skerða ráðstöfunartekjur launþega og eftirlaunþega.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja af þessu tilefni taka eftirfarandi fram:

- Megineinkenni og styrkur núverandi lífeyrissjóðakerfis er að hver kynslóð stendur undir sínum lífeyri með sparnaði en veltir ekki kostnaðinum yfir á næstu kynslóðir eins og flestar þjóðir gera í mjög ríkum mæli.
- Lífeyriskerfi sem byggir á sjóðsöfnun mun, ef það fær að búa við viðunandi starfsskilyrði, leiða til samkeppnishæfara atvinnulífs í framtíðinni, og þar með betri lífskjara. Það byggir m.a. á því að íslensk fyrirtæki muni ekki þurfa að afla verðmæta til að standa undir tröllvöxnum kostnaði vegna stórauðinnar lífeyrisbyrgði sem mun óhjákvæmilega fylgja öldrun þjóða á Vesturlöndum, þ.m.t. á Íslandi. Þar sem það tekur áratugi að byggja upp sjóðsmyndað lífeyriskerfi er brýnt að hafa í huga að hvers kyns breytingar á grundvallar forsendum þess, jafnvel þó þær séu hugsaðar til fárra ára, geta haft veruleg áhrif yfir mun lengri tíma.
- Tilfærslur og hvers kyns róttækar breytingar á lífeyrissjóðakerfinu eru mjög til þess fallnar að veikja tiltrú almennings á kerfinu.
- Stór hluti lífeyrisþega er undir skattfrelsmörkum í núverandi kerfi. Þetta þýðir í framkvæmd að ríkið þarf að greiða sjóðfélaga út þann ónýtta persónuafslátt sem hann hefði annars nýtt hefði skattur verið dreginn af lífeyrisgreiðslunum við útgreiðslu.
- Ráðstöfunartekjur lífeyrissjóða munu minnka. Þeir verða því ekki jafn vel í stakk búnir til að fjármagna nýsköpun í atvinnulífinu, mæta fjárförf ríkis og sveitarfélaga sem og að taka þátt í endurreisn fjármála- markaða þegar fram líða stundir.
- Meginreglan um skattlagningu iðgjalda til lífeyrissjóða innan ESB er að enginn skattur á iðgjöld og fjármagnstekjur en lífeyrir skattskyldur. Framkvæmdastjórn ESB hefur mælt eindregið með að sú leið verði almennt viðhöfð í aðildarríkjunum. Meginkostur varðandi samræmda beitingu skattareglna er sú að hún auðveldar

flutning launþega milli landa innan EES-svæðisins, þar sem hún kemur í veg fyrir tvískattlagningu lífeyrisgreiðslna eða að lífeyrir sé greiddur út óskattlagður.

Að öllu framansögðu telja LL þessar tillögur um skattlagningu lífeyrisiðgjalda sem þátt í endurreisn efnahagslífsins síst til bóta.

Um skerðingu grunnlífeyris almannatrygginga vegna lífeyrissjóðstekna

Með því að skerða grunnlífeyrir vegna ellilífeyris frá lífeyrissjóðunum er farið inn á nýjar brautir varðandi samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða. Fram til þessa hefur tekjutrygging lækkað umtalsvert vegna lífeyrissjóðstekna og hafa lífeyrissjóðirnir og þau hagsmunasamtök að þeim standa varað eindregið við óhóflegri skerðingu á tekjutryggingu almannatrygginga vegna bóta frá lífeyrissjóðunum.

Nú hefur að vísu verið sett frítekjumark á bætur almannatrygginga á örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna og í frumvarpinu er gert ráð fyrir frítekjumarki á lífeyrissjóðatekjur ellilífeyrisþega, sem nema mun 10.000 kr. á mánuði og er í sjálfu sér alltof lágt. Hins vegar er, eins og áður segir, nýlunda í frumvarpinu að lífeyrir úr lífeyrissjóðum geti skert grunnlífeyri almannatrygginga, sem fram til þessa hefur verið látinn í friði, þegar kemur til skerðingar á bótum almannatrygginga.

Á ráðstefnu Alþýðusamband Íslands um velferðarkerfið sem haldin var fyrir nokkrum árum kom fram sú eindregna skoðun ræðumanna, að ekki mætti einskorða



Eldgjá og Skaftártungur

bætur almannatrygginga einvörðungu við þá sem verst væru settir í þjóðfélaginu. Einn fremsti fræðimaður Norðurlanda á sviði velferðar- og lífeyrismála, Joakim Palme, dró í erindi sínu dökka mynd af því ástandi sem myndaðist þegar velferðarkerfi væru aðeins hugsuð sem aðstoð fyrir þá allra verst settu í þjóðfélaginu.

Afleiðing slíks kerfis væri sú að mati Palme að velferðarkerfið væri svelt. Því meira sem bætur eru lágtekjumíðaðar, því lægri verður upphæðin sem er til ráðstöfunar, þ.e. því meiri áhersla verður lögð á að beina bótum aðeins til hinna fátækustu í samfélaginu, því minni árangri nær velferðarríkið í því að draga úr ójöfnuði.

LL taka undir þessa skoðun og telja að almannatryggingar eigi að greiða öllum landsmönnum ótekjutengdan grunnlífeyri, en megi alls ekki vera eins konar fátækraftofnun fyrir þá sem eru verst settir þjóðfélaginu. Samtökin skora því á stjórnvöld að finna aðrar leiðir til að afla ríkissjóði tekna, heldur en að skerða grunnlífeyri vegna lífeyrissjóðstekna.

Um Bankasýslu ríkisins

Bankasýslu ríkisins sem ætlað er að halda utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. LL gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið sem auglýsilega er liður í þeirri viðleitni stjórnvalda að endurreisa íslenskt fjármálakerfi.

LL treysta hins vegar á það að fyrirheit í frumvarpinu að hér sé um tímabundna ráðstöfun að ræða og að stofnunin starfi ekki lengur en fimm ár. Miðað við hversu víðtækt verkefni Bankasýslu ríkisins er ætlað samkvæmt frumvarpinu, þá hafa samtökin nokkar efasemdir um það að mannaflapörfin sé rétt metin, en ekki er gert ráð fyrir því að kostnaður ríkisins verði meiri en 70 til 80 m. kr. á ári næstu fimm árin. Umsögnin er gerð með þeim fyrirvara að Samkeppniseftirlitið sjái ekki neina meinbugi á stofnun og starfrækslu Bankasýslu ríkisins.

Um 4% hámarkshækkun verðtryggingar fjárskuldbindinga

Lífeyrissjóðir hafa á umliðnum árum fjárfest í verðtryggðum skuldabréfum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja með það að markmiði að ávaxta fé sjóðfélaga. Eins hafa lífeyrissjóðir veitt sjóðfélögum verðtryggð fasteignaveðlán um langt árabíl. Markmið lífeyrissjóðanna með slíkum fjárfestingum er að verðtryggja hluta af eignasafni sjóðanna til móts við lífeyrisskuldbindingar gagnvart sjóðfélögum sem eru verðtryggðar.

LL vilja vekja athygli á því að skerðing á verðtryggingu skuldabréfa í eignasafni lífeyrissjóða leiðir að öðru jöfnu til þess að sjóðirnir standi frammi fyrir skerðingu á verðtryggðum skuldbindingum gagnvart sjóðfélögum sínum.

Því myndi takmörkun á verðtryggingu skuldabréfaeignar lífeyrissjóða auka líkur á því að skerða þyrfti lífeyrissjóðslur ef verðbólga færi umfram nefnd 4% mörk.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að tryggingafræðilegt uppgjör lífeyrissjóða miðar við verðtryggingu að viðbætti 3,5% raunávöxtunarkröfu. Það þýðir að til þess að lífeyrissjóður geti staðið við skuldbindingar sínar þarf hann til lengri tíma að ná ávöxtun á eignir sem nemur 3,5% umfram hækkun verðlags. 4% hámarkshækkun verðtryggingar á ársgrundvelli setur það markmið sjóðanna skiljanlega í mikið upp nám.

Verði möguleikar lífeyrissjóða til fjárfestinga í fullverðtryggðum skuldabréfum skertir mun það leiða til þess að leita þurfi í auknum mæli í fjárfestingar í óverðtryggðum bréfum. Í ljósi þess að lífeyrissjóður er langtímafjárfestir er viðbúið að áhersla verði lögð á að fjárfesta í skuldabréfum með breytilegum vöxtum. Slíkir vextir myndu þá taka mið af þróun verðlags þar sem eðlilega væri leitast við að ná jákvæðri raunávöxtun á fjárfestingarnar.

Í ljósi þess að verðbólguálag á óverðtryggð skuldabréf er fremur hátt á Íslandi er viðbúið að nafnvextir óverðtryggðra skuldabréfa yrðu fremur háir í óstöðugu verðlagi. Ljóst er að afborgun af slíkum lánum yrði mun þyngr en af verðtryggðum lánum, a.m.k. fyrstu árin þar sem vaxtabyrðin yrði umtalsverð í umhverfi breytilegra vaxta. Skiptir í því sambandi engum máli hvort sett verði þak á verðtryggingu innlendra lána eða ekki.

Þá er slík takmörkun á verðtryggingu að öðru jöfnu fallin til að draga úr sparnaði einstaklinga. Þannig má búast við því að slík takmörkun muni að einhverju leyti hafa áhrif á áhuga einstaklinga á að vista hluta af launatekjum sínum í viðbótarlífeyrissparnaði í séreign. Þá er ljóst að sparnaður í bönkum í formi verðtryggðra innlána mun að mestu leyti leggjast af. Hvers kyns breytingar á grundvelli vísitölu til verðtryggingar er til þess fallin að draga úr áhuga innlendra jafnt sem erlendra fjárfesta á fjárfestingum í verðtryggðum skuldabréfum. Slíkar breytingar draga því úr trausti á þeim markaði sem vart getur talist heppilegt við núverandi aðstæður. LL eru því andsnúin samþykki þessa frumvarps.

Um ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum

LL fagna þessu frumvarpi og leggja til að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Varðandi undirbúning að stofnun ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum má hafa til hliðsjónar samkomulag um hlutverk og rekstur Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, en fjölmargir aðilar koma að rekstri þeirrar stofnunar. Til að byrja með mætti hugsa sér ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum sem tilraunaverkefni í t.d. þrjú ár og yrði þá framhald starfseminnar endurmetin í ljósi reynslunnar.

Um frekari opnun fyrir útgreiðslum á séreignarsparnaði

LL telja að viðbót á opnun séreignarsparnaðar sem lögð er til sé viðráðanleg fyrir séreignarsjóði og séreignardeildir lífeyrissjóða. Samtökin telja þó æskilegt að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu eins og fram kemur í eftirfarandi ábendingum:

LL leggja áherslu á að mánaðarleg úttekt sé ein fjárhæð eins og verið hefur. Það einfaldar ráðgjöf til sjóðfélaga, auðveldar framkvæmd fyrir lífeyrissjóðina og sparar vinnu. Í dag er hámarksfjárhæð mánaðarlegrar útgreiðslu 111 þúsund krónur á mánuði og fá allir þá fjárhæð í mánaðarlegar greiðslur. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt eykst flækjustigið þar sem mánaðarleg fjárhæð verður breytileg eftir inneign eða hvenær fólk sækir um. LL leggja til að mánaðarleg úttekt verði óbreytt. Heildarfjárhæðin 2,5 m.kr., greiðist þá á 23 mánuðum. LL leggja ennfremur til að að heimild til að greiða 6% viðbótariðgjald, sem á að gilda til 1. október 2010, verði framlengd á sama hátt og opnun séreignarsparnaðarins.

Um skattlagningu framlags launagreiðenda

LL gera athugasemdir við þá grein frumvarpsins sem kveður á um hversu hátt framlag launagreiðenda getur varið til tryggingar á lífeyrisréttindum án þess að til skattlagningar komi hjá launþega. Í frumvarpinu er lagt til að ef fjárhæðin fer yfir 2 m.kr. á ári skal sú fjárhæð skattlögð sérstaklega. Undantekning er gerð ef fjárhæðin kynni að vera hærri í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

LL telja þessa breytingu ósanngjarna, þar sem hún leiðir til ójafnræðis á milli einstaklinga. Þannig munu sumir launþegar geta fengið herra óskattlagt framlag í lífeyrissjóð en aðrir vegna ákvæða í kjarasamningum.

Þessi breyting leiðir ennfremur til þess að umræddir einstaklingar eru skyldaðir til að greiða tvöfalda skatta af hluta tekna. Tvískattlagning með þessum hætti getur hvorki verið markmið með lífeyrissjóðalögunum eða skattalögunum.

Núverandi fyrirkomulag, þar sem framlag launagreiðanda telst ekki til skattskyldra tekna, getur gagnast þeim sem eiga lítil lífeyrisréttindi samanborið við tekjur og vilja gera átak í öflun lífeyrisréttinda.

Skattur af framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð fellur ekki niður. Honum er frestað og verður greiddur síðar með vöxtum og verðbótum. Ríkið missir því ekki af neinum tekjum með núverandi fyrirkomulagi. Ríkið gæti hins vegar lent í því að þurfa að greiða hærri lífeyri frá almannatryggingum ef breyttar reglur leiða til minni lífeyrissparnaðar. Þrátt fyrir að séreignarsparnaður sé allur laus við 60 ára aldur dreifa flestir úttekt á mun lengra tímabil. Óvissa í skattamálum hvetur hins vegar til þess að einstaklingar flýti úttekt.

Samkvæmt framanskráðu geta LL ekki mælt með þessari breytingatillögu, þar sem hún er ósanngjörn, hefur í för með sér tvískattlagningu og letur til lífeyrissparnaðar.

Um fyrirhugaðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki

LL fagna þessu frumvarpi og telja það almennt til verulegra bóta, nema þau ákvæði sem fjalla um að stjórnarmenn mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila.

Þar sem lífeyrissjóðir eru eftirlitsskyldir aðilar leiðir ákvæði frumvarpsins að óbreyttu til þess að starfsmenn lífeyrissjóða geta ekki setið í stjórnnum fjármálafyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu getur starfsmaður fjármálafyrirtækis hins vegar tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um eignartengsl. Þar sem lífeyrissjóðir eru ekki fjármálafyrirtæki í skilningi laganna er engin undanþága fyrir starfsmenn þeirra og þeim þannig sett strangari skilyrði en starfsmönnum fjármálafyrirtækja.

Nú eru nokkur smærri fjármálafyrirtæki að hluta eða öllu leyti í eigu lífeyrissjóða. Þessi fyrirtæki eru yfirleitt sérhæfð á tilteknum sviðum og veita stærri fjármálafyrirtækjum, einkum viðskiptabönkum, mikilvægt mótvægi og samkeppnislegt aðhald á þeim sviðum. Meðal ástæðna þess að lífeyrissjóðir hafa komið að slíkum fyrirtækjum er einmitt þetta mótvægi sem þau skapa við stóru aðilana og sú staðreynd að innan slíkra fyrirtækja er mun minni hætt á hagsmunaárekstrum en hjá stærri fjármálafyrirtækjum sem veita fjölþættari þjónustu. Það er ekki síst til að komast hjá hagsmunaárekstrum af þessu tagi sem lífeyrissjóðir hafa komið að þessum minni fyrirtækjum.

Aðkoma lífeyrissjóða að smærri fjármálafyrirtækjum getur aukið tiltrú og traust markaðsaðila á fyrirtækjunum, m.a. vegna þess að það dregur úr líkum á því að þau séu háð stærri fjármálafyrirtækjunum eða einstökum útgefendum verðbréfa.

Það er skoðun LL að seta starfsmanna lífeyrissjóða í stjórn um smærri fjármálafyrirtækja skapi afar litla hættu á hagsmunaárekstrum, enda er aðkoma og staða lífeyrissjóða og umræddra fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði ólík.

Um breytingar á lífeyrissjóðalögum

Í frumvarpinu leggja flutningsmenn til að umfangsmestu breytingarnar verði gerðar á 30. grein lífeyrissjóðalaganna, sem fjallar m.a. um ársfundi lífeyrissjóðanna o.fl. Nokkur önnur ákvæði í frumvarpinu eru afleidd af þessari meginbreytingu.

Í greinargerð frumvarpsins er vísað í niðurstöðu skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, sem hann vann fyrir Landsamtök lífeyrissjóða árið 2004. Í niðurstöðu skýrslunnar segir svo orðrétt:

„Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu. Þetta er athyglisvert í því ljósi að nokkur gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag það sem haft er um val í stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og því haldið fram að eðlilegra sé að velja stjórnir á almennum opnum fundum sjóðfélaga. Slík aðferð við val í stjórnir starfsgreinasjóða virðist hins vegar heyra til undantekninga í viðmiðunarlöndunum.“

Með hliðsjón af þessum megin niðurstöðum úr skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, þar sem m.a. var leitað til Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, þá telja LL enga sérstaka ástæðu til að breyta því fyrirkomulagi sem almennt tíðkast um val stjórnarmanna í lífeyrissjóðum, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Jafnframt má benda á að ákvæði um fyrirkomulag og skipan í stjórnir lífeyrissjóða er að mestu á forræði aðila vinnumarkaðarins. Þetta fyrirkomulag hefur gefist sérstaklega vel, enda líta flestar þjóðir til Íslands með öfundaraugum, hversu vel hefur tekist til að byggja upp öflugt lífeyrissjóðakerfi hér á landi.

Ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga er nú þegar að finna í lífeyrissjóðalögum. Það má ráða af skoðun lögskýringargagna að inntak ákvæðis um þagnaskyldu sé það sama í lífeyrissjóðalögum og í lögum um fjármálafyrirtæki. Ekki verður séð að slíkt ákvæði sé í lögum um verðbréfavíðskipti. LL telja því ekki efni til framangreindrar breytinga á ákvæðum um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Hvað reglur um verðbréfavíðskipti varðar, er rétt að áréttu að af sjálfu leiðir að lög um verðbréfavíðskipti gilda um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða sem og verðbréfavíðskipti stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna. Þá hafa stjórnir lífeyrissjóða sett verklagsreglur um verðbréfavíðskipti viðkomandi sjóðs, stjórnar hans og starfsmanna.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um takmarkanir á þátttöku framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs í atvinnurekstri. LL telja að færa megi rök fyrir því að hér sé um óþarflega takmarkandi ákvæði að ræða. Gildandi ákvæði setur skorður við atvinnuþátttöku framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs. Vel má ímynda sér tilvik þar sem framkvæmdastjóri á hlut í fyrirtæki eða sinnir takmarkaðri atvinnustarfsemi sem á engan hátt er til þess fallin að skarast á við starf hans sem framkvæmdastjóra. Í slíkum tilvikum, þar sem möguleg hættu er ekki á hagsmunaárekstrum, er eðlilegt að ætla stjórn heimild til að veita undanþágu frá meginreglunni. Eðlilegt er að löggjafinn gangi ekki lengra en nauðsynlegt er í þessum efnum, þar sem um takmörkun á atvinnufrelsi er að ræða.

AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2008 þús. króna	Innan LL %
Lsj. starfsmanna ríkisins	286.856.301	18,03%
Lsj. verzlunarmanna	248.760.967	15,63%
Gildi lífeyrissjóður	208.942.134	13,13%
Stapi lífeyrissjóður	95.743.587	6,02%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	90.474.233	5,69%
Almenni lífeyrissjóðurinn	83.660.194	5,26%
Stafir lífeyrissjóður	75.936.905	4,77%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	68.051.848	4,28%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	58.223.215	3,66%
Festa lífeyrissjóður	54.563.437	3,43%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	47.300.620	2,97%
Lífeyrisjóður bankamanna	39.139.724	2,46%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	33.596.965	2,11%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	26.964.632	1,69%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	26.934.557	1,69%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	24.632.482	1,55%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	22.869.247	1,44%
Lífeyrissjóður bænda	20.319.787	1,28%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	19.626.079	1,23%
Lífeyrissj. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	13.968.832	0,88%
Eftirlaunasjóður FÍA	13.765.966	0,87%
Kjölur lífeyrissjóður	8.004.988	0,50%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	6.721.325	0,42%
Lsj. Rangæinga	4.477.638	0,28%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	2.468.499	0,16%
Ls. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	2.436.645	0,15%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	2.300.877	0,14%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.773.548	0,11%
Lsj. Akraneskaupstaðar	889.070	0,06%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	750.080	0,05%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupst.	526.499	0,03%
Lsj. Neskaupstaðar	504.378	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	80.873	0,01%
Samtals í LL	1.591.266.132	100,00%

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

ÁRSREIKNINGUR 2009



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2009 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 37,1 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 2,9 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 116,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 113,1 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2010.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Arnar Sigurmundsson

Haukur Hafsteinsson

Friðbert Traustason

Guðrún Guðmannsdóttir

Helgi Magnússon

Konráð Alfreðsson

Stefán Halldórsson

Þorbjörn Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. mars 2010

KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2009

	Skýr.	2009	2008
REKSTRARTEKJUR			
Árgjöld	1b	36.359.427	39.750.270
Aðrar tekjur		<u>740.987</u>	<u>0</u>
		<u>37.100.414</u>	<u>39.750.270</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	2	24.025.838	23.496.892
Annar rekstrarkostnaður	3	31.855.377	25.891.676
Afskriftir	4	<u>26.260</u>	<u>25.844</u>
		<u>55.907.475</u>	<u>49.414.412</u>
Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(18.807.061)	(9.664.142)
Vaxtatekjur		14.201.085	17.036.590
Arður		7.527.215	49.227.974
Vaxtagjöld		(<u>15.156</u>)	(<u>2.958.424</u>)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>21.713.144</u>	<u>63.306.140</u>
Hagnaður	6	<u><u>2.906.083</u></u>	<u><u>53.641.998</u></u>

31. DESEMBER 2009

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2009	2008
Eigið fé	6	<u>116.026.926</u>	<u>113.120.843</u>
SKAMMTÍMASKULDIR			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. ...		<u>167.517</u>	<u>5.402.959</u>
Aðrar skammtímaskuldir		<u>5.506.155</u>	<u>6.953.490</u>
Skuldir samtals		<u>5.673.672</u>	<u>12.356.449</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>121.700.598</u></u>	<u><u>125.477.292</u></u>

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
- b. *Innlausn tekna*
Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldtekjur þeirra á árinu 2008. Árgjöldin eru 0,0425% af 12% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0024% af hreinni eign í árslok 2008.
- c. *Varanlegir rekstrarfjármunir*
Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.
- d. *Eignarhlutir í félögum*
Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2009	2008
Laun	19.234.438	18.803.022
Launatengd gjöld	4.791.400	4.693.870
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>24.025.838</u>	<u>23.496.892</u>
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	1	1

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri	14.216.346
Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar	2.210.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður	847.500
Friðbert Traustason	565.000
Guðrún K Guðmannsdóttir	565.000
Gunnar Þór Baldvinsson	565.000
Þorbjörn Guðmundsson	565.000
Helgi Magnússon	337.500
Konráð Þorsteinn Alfreðsson	337.500
Gunnar Páll Pálsson	250.000
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	250.000
Elsa Björk Friðfinnsdóttir	25.000
Jón G. Kristjánsson	22.500
Ólafur Sigurðsson	22.500
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	25.000
Sigrún Helga Einarsdóttir	22.500

**Skýringar, frh.:****3. Annar rekstrarkostnaður**

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2009	2008
Húsaleiga	1.813.241	1.597.189
Annar húsnæðiskostnaður	310.276	298.367
Pappír, prentun, ritföng	1.067.184	950.478
Símakostnaður	436.766	445.140
Burðargjöld	132.577	119.045
Bækur, blöð og tímarit	350.284	203.560
Aðkeypt þjónusta	13.842.626	8.331.306
Rekstur bifreiðar	2.799.282	2.341.469
Ferðakostnaður	1.187.055	629.296
Fundir, ráðstefnur, námskeið	979.094	1.884.132
Auglýsingar og kynningarkostnaður	662.247	668.666
Gott að vita - fræðslusíða	2.961.016	4.196.853
Félagsgjöld	1.578.659	875.365
Styrkir	3.165.915	2.751.015
Annar kostnaður	569.155	599.795
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>31.855.377</u>	<u>25.891.676</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Stofnverð 1.1.2009	1.753.576
Fært út á árinu	(262.602)
Stofnverð 31.12.2009	<u>1.490.974</u>
Afskrifað 1.1.2009	1.578.218
Afskrifað á árinu	26.260
Afskrift færð út	(262.597)
Afskrifað 31.12.2009	<u>1.341.881</u>
Bókfært verð 31.12.2009	<u>149.093</u>
Afskriftahlutföll	33%

Skýringar, frh.:

5. Áhættufjármunir

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf.	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða	1,0%	<u>10.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		<u>682.208</u>

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2009	24.416.897	88.703.946	113.120.843
Hagnaður ársins	<u> </u>	<u>2.906.083</u>	<u>2.906.083</u>
Eigið fé 31.12.2009	<u>24.416.897</u>	<u>91.610.029</u>	<u>116.026.926</u>

7. Skuldbindingar

Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 0,7 millj. kr. og greiðist á árinu 2010.

